

Obeldi í tilhugalífi – grein í Vísi 23.11 - 2017

Á árinu 2001 var hrundið af stað fleirþjóðlegri og samhæfðri rannsókn ofbeldis á tilhugalífi (International Dating Violence Study). Hér er átt við samskipti kynjanna, sama kyns eða hins, þegar fólk er að draga sig saman, finnur sér kærasta og kærustur, skundar á stefnumót og stofnar til mislangra ástarsambanda af einhverju tagi. Rannsóknin beindist af hagnýtum orsökum að tilhugalífi háskólastudenta. Henni lauk 2006. Rannsóknahópar þrjátíu og tveggja þjóða í öllum heimsálfum tóku þátt, en fyrir henni fór virtur félagsfræðingur, prófessor og stofnandi stofu um fjölskyldurannsóknir við háskólann í New Hampshire, BNA, Murray Straus (1926-2016). Rannsóknin náði til fjórtán þúsund námsmanna í 68 háskólum víðs vegar um veröldina. Þátttakendur svöruðu tveim viðurkenndum spurningalistum um efnið. Ofbeldi í tilhugalífi eða nánnum samböndum var skoðað í nokkrum tilbrigðum, t.d. árásir eða handalögmál af vægari toga, alvarlegt ofbeldi, sem höfðu í för með sér meiðsli, svo og kynferðislegt ofbeldi.

Þegar bráðabirgðaniðurstöður lágu fyrir frá fjórtán rannsóknarstöðum meðal níu þjóða, reit einn rannsóknarhópanna drög að skýrslu úr gögnum um drjúgar þrjár þúsundir stúdenta. Það, sem einkum vekur athygli, er hið skelfilega ofbeldi, sem karlar jafnt sem konur í tilhugalífi sýna hverju öðru; þ.e. ýgi, árásir og þvingun til kynlífs. Hlutfallið er verulega miklu hærra, en áður hefur mælst meðal almennings, en þó með öðrum aðferðum. Höfundar segja: „Þessar tölur af fleirþjóðlegum vettvangi sýna það, sem hefur verið alkunna lengi, þ.e. að ofbeldi í nánnum samböndum er algengasta tegund þess.“ Endurteknar rannsóknir sýna vísbendingar um það, að ofbeldi í tilhugalífi sé jafnvel meira, heldur en hjá hjónum og sambýlisfólki.

Síðustu árin hefur úrvinnsla úr göngum þessarar viðmiklu rannsóknar skilað sjötíu og einni vísindagrein. (Gögn frá þrjátíu og einni þjóð voru vísindalega vinnsluhæf.) Niðurstöður heildarúrvinnslunnar staðfesta í meginráttum það, sem bráðabirgðaúrvinnsla úr hluta efniviðarins sýndi. Nærri þriðjungur stúdenta af báðum kynjum réðist til atlögu að elskhuganum síðustu tólf mánuði fyrir þátttöku. Oftast var um að ræða gagnkvæmi í þessu tilliti, elskhugarnir voru ýgir í hvors annars garð. Svo var algengast mynstrið. Ástandið í Íran var skelfilegast. Í 94.6 sambanda var um gagnkvæmt ofbeldi að ræða. Einna meinhægastir voru sænskir elskendur. „Einungis“ sex af hverjum tíu þórum sýdu hvort öðru ofbeldi. Svíar voru eina Norðurlandþjóðin, sem tók þátt í könnuninni.

Næst algengasta ofbeldismynstrið var það, þar sem konur einvörðungu beittu ofbeldi. Ofbeldisfyllstar eru sænskar (28.4%) og kínverskar (31.7) ástkonur. Harðræði af hálfu karla eingöngu var hinsvegar sjaldgæft að tiltölu. Í þessu mynstri beittu sænskir karlelskhugar konur sínar oftast ofbeldi (11.8%), en írnskir karlmenn sjaldnast (4%) en Bretar fylgdu þar fast á eftir.

Margvíslegar rannsóknir, þar sem fjöldi fólks var rannsakaður og úrtök trúverðug, bera vitni um, að ofbeldi af hálfu kvenna eingöngu er jafn algengt eða jafnvel algengara en ofbeldi af hálfu karla. En gagnkvæmt ofbeldi er algengast eins og fyrr segir. Í aðalatriðum eiga þessar niðurstöður einnig við um rannsókn, sem framkvæmd var á árunum 1975-1985 í BNA (National Family Violence Survey). Sama má segja um fleiri rannsóknir og kannanir af sama toga, t.d. The National Comorbidity Study. Hvergi meðal þjóðanna þrjátíu og einnar reyndist karlofbeldi algengast. Þetta átti við um bæði minni og meiri háttar ofbeldi.

Einn rannsóknarhópanna skoðaði sérstaklega alvarlegri tilbrigði ofbeldis. Niðurstaða þess hóps var sú, að „[k]arlar og konur beittu ofbeldi til jafns í þeim hópi, sem taldi sig beittan áþreifanlegu ofbeldi og

þvingun í kynlífi.“ (Lauslega snarað af undirrituðum.) Niðurstöður úr pólska hluta rannsóknarinnar er býsna dæmigerður. Höfundar segja: „Skráning andlegs ofbeldis, líkamlegs ofbeldis og kynferðislegrar þvingunar var umtalsverð eða í rétttri röð 77%, 36% og 42%, hvað körlum viðvíkur, og 89%, 48% og 40%, hvað konur snertir. Samanborið við önnur þýði úr hinni fjölþjóðlegu rannsókn [International Dating Violence Study] beittu pólskar konur og karlar eftirtektarverðri þvingun og líkamlegu ofbeldi.“ (Lausleg þýðing er undirritaðs.)

Í þessu viðfangi gæti verið fróðlegt að skoða rannsóknir á unglíngum. Það vil svo til, að í upphafi áratugarins fór fram í BNA fyrsta, þjóðtæka könnun á kynferðislegri áreitni unglínga. Niðurstöður voru í stuttu máli þær, að yngri drengir sýndu slíka óhæfu mun fyrr en stúlkurnar. En upp úr átján ára aldri var hlutfall þeirra svipað, drengir tóku fremur niður fyrir sig í aldri, en stúlkur aftur á móti upp. Um níu af hundraði unglínganna skýrðu frá kynferðislegri óhæfu í garð annarra af einhverju tagi. Þessar niðurstöður ríma við rannsóknir frá upphafi aldarinnar. Í rannsóknnum frá 2003 (Youth Risk Behavior Survey) töldu 8.8% kvenna sig orðið hafa fyrir ofbeldi í tilhugálífi en 8.9% karla.

Það þarf varla að fjölyrða um heilsufarslegar afleiðingar þessarar ósvinnu. Það er t.d. nánast alkunna, að nauðgun á nefndu aldurs skeiði hefur í för með sér aukna áhættu á alvarlegum, andlegum afleiðingum eins og áfallastreituröskun, þunglyndi, fíkniefnaneyslu, áfengissýki, sjálfsvígshugleiðingum, sjálfsvígstilraunum, vandkvæðum í ástum, vanhöldum í vinnu og slakan námsárangur. Í hinni nefndu fleirþjóðlegu rannsókn var sýnt fram á tölfræðilega fylgni ofbeldis í sambandinu og hugleiðinga um sjálfsvíg.

Það er óhætt að fullyrða, að höfundar margumræddrar könnunar hafi orðið hvumsa yfir útbreiðslu og algengi ofbeldis í tilhugálífi. Skýringa er leitað. Efniviðurinn gefur tilefni til að álykta, að almenn streita í þjóðfélaginu kunni að skipta máli. Slíka streitu er mesta að finna á Taiwan, minnsta í Hollandi. Ofríki var ævinlega undirrót ofbeldis og tengdist einkum og sér í lagi ofríki kvenna. Það kann einnig að koma á óvart, hversu herskár konur eru um gjörvalla kringluna. Venjuleg var talið, að konur væru nánast eingöngu fórnarlömb karla. Vísindin virtust sýna fram á það. En það voru vísindi á villigötum. Vísindamenn voru slegnir blindu. T.d. var lögum samkvæmt ekki unnt að nauðga karlmönnum. Aðferðirnar voru af þessum sökum ófullnægjandi. M. Straus segir lærdómsríka reynslusögu. Því fleiri, sem rannsóknir á efninu urðu, þeim mun augljósara varð honum, að eitthvað væri gruggugt í aðferðum og niðurstöðum. Hann gerði sér því far um að grandskoða siðferðilega og vísindalega undirstöðu rannsóknanna og skoða efnið frá fleiri hliðum, t.d. með því að inna karlmenn eftir reynslu þeirra og nota skiljanlegri hugtök. Þegar ofangetinni rannsókn um ofbeldi í tilhugálífi var hrundið af stað, reyndi hann að fá vísindamenn á vegum Sameinuðu þjóðanna til samstarfs. Það tókst ekki sem skyldi. Þeir reyndust bundnir rannsóknahéðinni. T.d. voru spurningar um ofbeldi af hálfu kvenna útilokaðar í tiltekinni könnun (Survey of Married and Cohabiting Violence).

Það hefur sem sagt verið – og virðist enn vera - við ramman reip að draga, þegar upplýsingar um ofbeldi af hálfu kvenna er að ræða. Stundum er alið á rangfærslunum. Samkvæmt reynslu Straus virðist óskrifuð regla að láta hjá líða að inna konur í athvörfum eftir eigin ofbeldi. En það hefur verið þekkt frá því að fyrsta athvarfið var sett á stofn í Lundúnum. Stofnandi þess sagði, að minnsta kosti fjórtíu af hundraði vistkvenna væru undir þá sök seldar. Rannsóknir síðustu áratuga benda til þess, að ein af fjórum konum, sem leituðu til kvennaathvarfs, hefði beitt áþreifanlegu ofbeldi, áður en til vistunar kom. Aðrar rannsóknir gáfu vísbendinu um, að á aðfaraári vistunar á kvennaathvarfi hefði helmingur beitt ástmanninn ofbeldi, og eftir að vistun lauk, hefði 42% þeirra ráðist á karla sína.

Rannsóknir árið 2002 á fjórum meðferðarskrám fyrir ofbeldiskarla sýndu, að 69% kvenna hefði einnig lúskrað á maka sínum. Í langtímarannsóknnum (Dunedin Longitudinal Cohort Study) kom í ljós, að þegar um tiltölulega vægt ofbeldi var að ræða, voru konur megindriffjaðrirnar, en þegar um alvarlegt ofbeldi var að ræða var hlutur kvenna og karla jafnari.

Ofbeldið, sem lýst er í þessum rannsóknnum, er hræðilegt. Tölurnar eru útlenskar, en eiga vafalítið við um íslenskan veruleika að mestu leyti. Hvað skal taka til bragðs? Þegar stórt er spurt verður fátt um svör. En allavega er hyggilegt að reyna að horfa greinilega og skilmerkilega í augu við veruleikann. Ég el þá von í brjósti, að skynsamt fólk af báðum kynjum leggist á árarar og róí í sömu átt, en ekki gagnstæðar. Því hagsmunir þeirra eru nákvæmlega þeir sömu.